

- Svara þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir félagasamtökin. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr.140/2018. Könnunina er hægt að nálgast í Þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi Arion banka.
- ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á félagsfund
 - ✓ Áður en hægt er að samþykka AML á félagið þurfa allir stjórnarmenn félagsins og umboðshafar að vera búnir að skanna löggild skilríki hjá bankanum, öskuskírteini eða vegabréf, hafi þeir ekki gert það áður. Hægt er að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum á [heimasíðu bankans](#). Hægt er að hringja í Þjónustuver Arion banka til að fá nánari upplýsingar.
- Skila þarf inn afriti af fundargerð félagsfundar þar sem fram kemur hverjir eru í stjórn félagsins. Fundargerðin þarf að vera dagsett og undirritið af fundarritara og að minnsta kosti einum stjórnarmanni.
- ✓ **Skila inn eyðublaðinu „Umboð til gjaldkera félags og tilkynning um stjórnarkjör“.** Gott að fara með þetta eyðublað á félagsfund þar sem **meirihluti stjórnar félagsins** þarf að skrifa undir umboð til gjaldkera og þeir félagsmenn, sem voru á boðuðum aðalfundi félagsins, þurfa að staðfesta kjör stjórnarinnar með undirritun sinni á tilkynninguna um stjórnarkjör.
 - ✓ **Athugið:** Ef fundargerð er orðin eldri en 12 mánaða, þarf að koma með nýja fundargerð þar sem endurkjör stjórnarinnar var staðfest eða þar sem fram kemur hverjir skipa nýja stjórn.
- Þegar AML (áreiðanleikakönnun félagsins) hefur verið samþykkt og öll eyðublöð rétt útfyllt er leyfilegt að stofna reikninga sem og aðrar þjónustur:
- ✓ Veltureikningur
 - Gjaldkeri undirritar og velur sér leyninúmer
 - Einnig er hægt að óska eftir debetkorti á veltureikning
 - ✓ Sparnaðarreikningur
 - Gjaldkeri undirritar og velur sér leyninúmer
 - ✓ Innheimtuþjónusta
 - Gjaldkeri undirritar innheimtuþjónustusamning, hægt er að nálgast hann á heimasíðu bankans
 - ✓ Netbanki
 - Skila þarf inn eyðublaðinu: *Samningur um aðgang að netbanka fyrir félag/húsfélag.* **Meirihluti stjórnar þarf að undirrita sem og tveir vottar. Þetta eyðublað er einnig gott að taka með á félagsfund til að fá undirskriftir.**
- Eyðublöð varðandi félagabjónustuna er hægt að nálgast á [heimasíðu Arion banka](#)